

Alþingi - Allsherjar- og menntamálanefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. mars 2021
UST202102-450/L.Ó.
04.04

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um minnisvarða um eldgosin í Surtsey og Heimaey - 179. mál

Umhverfisstofnun fagnar þingsályktunartillögu um að stofna starfshóp til að vinna að hugmyndum um minnisvarða í tilefni 60 ára afmæli eldgossins í Surtsey og 50 ára afmæli eldgossins í Heimaey. Tillagan er vel við hæfi og í samræmi við markmið um varðveislu og vernd náttúruminja.

Surtsey var friðuð sem friðland árið 1965 og samþykkt á heimsminjaskrá UNESCO árið 2008. Umhverfisstofnun fer með umsjón svæðisins og hefur til ráðgjafar sex manna ráðgjafanefnd sem skipuð er til fjögurra ára í senn.

Umhverfisstofnun sér einnig um gerð stjórnunar og verndaráætlunar fyrir friðlandið. Í stjórnunar og verndaráætlun er sett fram stefna um fræðslu og upplýsingarefni sem á að efla tengsl rannsóknastofa sem stunda rannsóknir innan friðlandsins og rannsóknastofa í Vestmannaeyjum sem hafa tengingu við Surtsey. Einnig er stefnt að því að auka fræðslu og upplýsingar um Surtsey til fjölmiðla og almennings.

Verndargildi Surtseyjar felst fyrst og fremst í háu vísinda- og náttúruverndargildi á íslenskan og alþjóðlegan mælikvarða, en þar eru heildstæðar og óraskaðar náttúruminjar sem endurspeglar náttúrulega þróunarferla og eru afar viðkvæmar fyrir röskun. Mikilvægt er að stuðla að áframhaldandi sérstöðu Surtseyjar sem lifandi tilraunastofu fyrir líffræðinga sem m.a. rannsaka hvernig líf nemur land og vistkerfi þróast. Einnig að varðveita þá auknu þekkingu um jarðfræðileg ferli og myndun einstakra jarðmyndana sem fékkst við grannt eftirlit yfir eldsumbrotatíma og myndun eyjarinnar og rannsóknir á eyinni eftir að eldsumbrotum lauk.

Eldgosið í Heimaey árið 1973 myndaði gjósku og hraungíginn Eldfell ásamt Eldfellshrauni sem þekur um 3 km². Mikilvægt er að varðveita þessar jarðmyndanir sem breyttu ásýnd og umhverfi Heimaeyjar til frambúðar.

Upplagt er að nýta þessi tímamót í gossögu Vestmannaeyja til að bæta innviði Eldfells svo fólk geti virt fyrir sér þessar merku jarðminjar sem þjóðin tengir við vaskleika fólks í Vestmannaeyjum og þær björgunaraðgerðir sem fóru fram bæði á fólki og hafnarsvæði.

Umhverfisstofnun bendir á að lúpína er að taka yfir mosabreiðuna á nýja hrauninu og er nauðsynlegt að uppræta lúpínuna sem fyrst og hindra frekari útbreiðslu hennar á Eldfellshrauni.

Umhverfisstofnun hefur áhuga á að taka þátt í starfshópi sem vinnur að minnisvarða um gosin.

Virðingarfyllst,

Ólafur A. Jónsson
sviðsstjóri

Magnús Freyr Sigurkarlsson
sérfræðingur